



Efnisyfirlit

Pistill forstjóra	1
Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar	2
Minning	3
Starfið í hnotskurn	4
Vinumarkaðurinn	6
Vinnumiðlun	9
Aðgerðir í vinnumarkaðsmálum	13
Starfsmenntaráð	16
Atvinnuleysistryggingar	17
Ábyrgðasjóður launa	19
Atvinnuleyfi útlendinga	20
Alþjóðlegt samstarf	22
Svæðisráð og úthlutunarnefndir	24
Ársreikningar	25

Útgefandi: Vinnumálastofnun

Ritstjóri: Karl Sigurðsson

Hönnun kápu: Birgir Þ. Jóakimsson

Prentvinnsla: Litróf

Aðlögun nýbúa að íslensku samfélagi

Eins og fram kemur hér í skýrslunni í kaflanum um atvinnuleyfi þá hefur útgáfa þeirra haldið áfram að aukast frá síðasta ári. Erlent vinnuafl hefur verið kærkomið til að svara aukinni eftirspurn eftir vinnuafl og hlutfall þess orðið umtalsvert af vinnumarkaðinum. Í fyrirlestri sem haldinn var á síðasta ársfundi Vinnumálastofnunar var þetta orðað svo að við flyttum inn erlent vinnuafl en fengjum fólk. Það leiðir hugann að því hvernig við tökum á móti þessu fólki og hversu vel því gengur að aðlaga sig að íslensku samfélagi.

Nýverið kom út í Danmörku mjög ítarleg skýrsla sérfræðinganevndar sem skipuð var af innanríkisráðuneytinu þar sem fjallað var um aðlögun innflytjenda að danska samfélaginu. Nefndin tilgreindi sjö markmið sem hún setti sem viðmið um það hversu vel aðlögunin hefur tekist. Aðstæður innflytjenda voru síðan bornar saman við markmiðin.

Þau voru eftirfarandi:

- **Kunnátta í dönsku og almenn menntun.** Innflytjendur hafa náð það góðu valdi á dönsku að þeir eru vel virkir á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Jafnframt á almennt menntunarstig þeirra að vera svo gott að það samræmist vel kröfum á vinnumarkaði.
- **Atvinnuþátttaka.** Atvinnuþátttaka innflytjenda er sú sama og Dana. Afkomendur innflytjenda hafa fengið störf sem samræmast hæfni þeirra og kunnáttu að sama skapi og Dana.
- **Fjárhagslegt sjálfstæði.** Innflytjendur búa við sama fjárhagslega sjálfstæði og Danir og sjá um sig án nokkurs fjárhagsstuðnings frá ríki eða sveitarfélögum.
- **Líf án fordóma.** Innflytjendum er ekki mismunað á vinnumarkaði eða í samfélaginu almennt hvort sem er vegna kynþáttar, litarháttar, uppruna, kyns, aldurs, þjóðernis eða trúar.
- **Samskipti milli innflytjenda og Dana í hinu daglega lífi.** Góð samskipti eru milli innflytjenda og Dana í hinu daglega lífi. Birtingarmynd þessara samskipta er m.a. í hjónaböndum milli Dana og innflytjenda, vináttusamböndum og almennum jákvæðum samskiptum.
- **Þátttaka í félagsmálum.** Innflytjendur taka þátt í félagsmálum með sama hætti og Danir hvort heldur er sem kjósendur, sem frambjóðendur til sveitarstjórna, eða sem þátttakendur í frjálsum félagsamtökum s.s. launþegafélögum, íþróttafélögum, kvenfélögum, Lionsklúbbum, leikfélögum, foreldrafélögum o.s.frv.

• Virðing fyrir grunnildum samfélagsins.

Innflytjendur hafa tileinkað sér sömu grunnildi samfélagsins og fólk í Danmörku lifir samkvæmt í sínu daglega lífi. Í þessu felst m.a. að bera virðingu fyrir yfirvöldum og ákvörðunum þeirra, fyrir jöfnum réttindum borgaranna og lögum landsins, frjálsum skoðanaskiptum og umburðarlyndi fyrir mismunandi siðum og venjum.



Þegar sérfræðinganevndin hafði borið stöðuna í Danmörku saman við þessi markmið var niðurstaðan í stuttu máli talin sú að engin af þessum markmiðum hefðu náðst. Innflytjendur væru mjög félagslega óvirkir í samfélaginu og sérstaklega ef litíð væri til vinnumarkaðarins og ef svo færi fram sem horfði þá þýddi það mikinn fjárhagslegan þrýsting á velferðarkerfið. Auk þess mun vandamálið birtast í tiltakanlegum vinnuaflsskortri í Danmörku til framtíðar.


Hvernig er þessu farið hérlandis? Hvernig er íslenskukunnátta nýbúa sem hér starfa? Hver er þátttaka þeirra í daglegu lífi landsmanna, félagsstarfi sem almennu frístundastarfi? Hvernig eru samskiptin? Eru þau markmið sem hér eru nefnd þau sem við stefnum að? Umræðan um þessi málefni hefur verið að aukast hérlandis upp á síðkastið og það er vitað skuld til bóta. Augu manna hafa fyrst beinst að því að auka framboð á íslenskunámi fyrir nýbúa og sem dæmi lagði Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins 5,5. milljónir króna á þessu ári í verkefni tengd nýbúafræðslu. Stærstur hluti þess tímabundna vinnuafls er þrátt fyrir allt hingað kominn til langframa. Það er Íslendingum nauðsynlegt að þetta fólk aðlagist samfélaginu á allan hátt til að koma í veg fyrir fordóma og mismunun. Vinnumálastofnun mun leggja sig fram í þeim efnum. Því er á þetta mál efni minnst hér að málefni nýbúa og aðlögun þeirra að samfélaginu verður eitt að aðalverkefnum þeirra sem starfa að vinnumarkaðsmálum á næstu árum.

Í ársskýrslu þessari er starfsemi stofnunarinnar sl. ár reifuð í stórum dráttum og greint frá niðurstöðutölum úr ársreikningum sjóðanna sem stofnunin rekur. Eins og sjá má kennir hér margra grasa og það er von okkar að með lestri þessarar skýrslu verði menn nokkru nær um það mikilvæga viðfangsefni sem Vinnumálastofnun sinnir.

Gissur Pétursson forstjóri
september 2001



Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar



Stjórn Vinnumálastofnunar 1997 til 2001 er þannig skipuð:

Hrólfur Ölvísson, formaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, varaformaður, Ellert Eiríksson, Hervar Gunnarsson, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson, Sjöfn Ingólfsdóttir og Þórður Ólafsson.



Minning

Gunnar E. Sigurðsson

FORSTÖÐUMAÐUR VINNUMÁLASVIÐS

*f. 19. maí 1950
d. 24. ágúst 2001*



Haustið er skammt undan. Maður í blóma lífsins kveður. Laufskrúð og blóm hníga til moldar og maður einnig. Þetta undarlega samspil árstíðanna og mannlegs lífs. Stundum verða svik á þessu samspili og menn í blóma lífsins kveðja okkur löngu áður en nær að hausta í lífi þeirra. Gunnar E. Sigurðsson var sannarlega ekki kominn til haustsins í lífi sínu. Starfsdagurinn enn langur og verkefnin mörg framundan þó mörgum væri lokið. Óbilandi áhugi og miklir hæfileikar sem sannarlega nutu sín í lífi og starfi. Lífsþorsti sem fólís í fjölbreyttum áhugamálum og gefandi tímstundum. Þetta skilaði sér í heilsteyptum og skemmtilegum starfsmanni. Vinnustaður sem á slíka starfskrafta er fátækari þegar þeir hverfa frá.

Vinnumálastofnun sér á bak einum sinna hæfustu starfsmanna sem óx með hverju verkefni auk þess að vera góður félagi. Gunnar hafði starfað í tengslum við vinnumarkaðsmál frá því hann lauk prófi í hagfræði 1991. Frá 1992 starfaði hann í Félagsmálaráðuneytinu á vettvangi vinnumarkaðsmála en síðan á Vinnumálastofnun. Hann var hafsjór af fróðleik og bjó yfir mikilli þekkingu á vettvangi starfsins. Þannig minnumst við Gunnars. Missirinn er mikill og söknuðurinn sár. Við biðjum Guð að blessa minningu Gunnars E. Sigurðssonar og þökkum samfylgd er ekki bar skugga á.

F.h. Vinnumálastofnunar

Hrólfur Ólvisson
Stjórnarformaður

Starfið í hnotskurn

Starfsemi Vinnumálastofnunar er margþætt. Meginmarkmiðið er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu, eins og fram kemur í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997. Vinnumiðlun er þannig meginþátturinn í starfseminni, þar sem unnið er með markvissum hætti að því annars vegar að útvega atvinnulausu fólki og öðrum sem þess æskja vinnu og hins vegar að miðla fyrirtækjum hæfu starfsfólki. Vinnumarkaðsaðgerðir eru mikilvægur þáttur í þessu ferli. Vinnumálastofnun hefur með höndum fjölmörg úrræði og aðgerðir sem miða að því að



*Ketill Józsefsson
forstöðumaður
Svæðisvinnumiðlunar
Suðurnesja og Ellert
Eiríksson bæjarstjóri
Reykjanesbæjar*

auðvelda atvinnulausu fólki að komast út á vinnumarkaðinn og gera það hæfara til að takast á við síbreytilegan vinnumarkaðinn. Er þar um að ræða fjölbreytta flóru náms- og starfsúrræða.

Auk vinnumiðlunar hefur Vinnumálastofnun umsjón með skráningu atvinnuleysis, greiðslu atvinnuleysisbóta og úrskurði um atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysistryggingarsjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru í umsjá Vinnumálastofnunar.

Vinnumálastofnun hefur með hendi ýmis lögfræðileg úrlausnarefni. Þar má nefna umsjón með að Svæðisvinnumiðlanir túlki lög og reglugerðir á samræmdan hátt og að úrskurða um rétt einstaklinga til atvinnuleysisbóta. Þá hefur stofnunin með höndum að ákvarða um veitingu atvinnuleyfa fyrir útlendinga og að úrskurða um rétt aðila til greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa.

Úr innra starfi Vinnumálastofnunar

Á árinu 2000 voru gerðar skipulagsbreytingar á starfsemi Vinnumálastofnunar. Unnið var nýtt skipurit fyrir stofnunina sem tók gildi 1. september. Með skipulagsbreytingunum var starfseminni skipt upp í 3 svið, vinnumálasvið, rekstrarsvið og stjórnsýslusvið.

Gengið var frá ráðningu þriggja nýrra forstöðumanna á árinu. Það eru þau Líney Árnadóttir hjá Svæðisvinnumiðlun Norðurlands vestra, Ólöf Magna Guðmundsdóttir hjá Svæðisvinnumiðlun Austurlands og Ketill Józsefsson hjá Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja, en Vinnumálastofnun yfirtók rekstur þeirrar síðastnefndu úr höndum Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanes um áramótin 2000/2001. Þá opnaði Svæðisvinnumiðlun Suðurlands skrifstofu í Vestmannaeyjum vorið 2001.

Í byrjun ársins var opnuð í verslunarmiðstöðinni Firðinum í Hafnarfirði skrifstofa Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins og EES-vinnumiðlunar. Opnun skrifstofunnar kom í framhaldi af nokkrum skipulagsbreytingum þar sem Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins yfirtók rekstur Vinnumiðlunar Hafnarfjarðar. Skrifstofu Vinnumiðlunar Hafnarfjarðar við Vesturgötu var þá lokað og EES-vinnumiðlun sem áður var til húsa á Engjateigi var flutt til hinnar nýju skrifstofu í Hafnarfirði. Yfirmaður skrifstofunnar er Jón S. Karlsson, evróaráðgjafi.

Haustið 2001 hófst við félagsvísindadeild Háskóla Íslands fjarnám í náms- og starfsráðgjöf, en undirbúningur þess hófst á árinu 2000. Námið er 34 einingar viðbótarnám við B.Ed. eða B.A. gráðu í félagsvísindum og er einkum ætlað þeim sem sinna starfsráðgjöf á vinnumiðlunum og námsráðgjöf í skólum. Námið er fjármagnað af Vinnumálastofnun og menntamálaráðuneyti. Af 19 nemendum starfa 7 á svæðisvinnumiðlunum Vinnumálastofnunar.

Árið 2000 fékk Svæðisvinnumiðlun Suðurlands tvo styrki af Leonardo verkefni Evrópusambandsins. Annars vegar var styrkur ætlaður til starfsmannaskipta við sambærilegar stofnanir erlendis og hins vegar styrkur til að gefa 10 ungmennum, sem verið hefðu atvinnulaus til lengri tíma, kost á að



sækja nám eða starfsþjálfun til Svíþjóðar. Fyrra verkefnið hófst á árinu 2001 og undirbúningur er í gangi um síðara verkefnið.

Ýmis verkefni

Vinnumálastofnun tók þátt í nokkrum verkefnum á árinu í samstarfi við aðra aðila. Má þar nefna þátttöku í viku símenntunar sem haldin var 4.-10. september, en þar var lögð áhersla á endurmenntun fólks með litla menntun að baki. Svæðisvinnumiðlanir Vinnumálastofnunar tóku virkan þátt í starfinu og höfðu samstarf við símenntunarmiðstöðvar og aðra aðila um uppákomur og kynningar. Sem dæmi má nefna að haldin var ráðstefnan Símenntun í íslensku atvinnulífi, í Eldborg, Svartsengi. Var þar um samvinnuverkefni Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og Markaðs- og atvinnu- málaskrifstofu Reykjanesbæjar, sem hýsti á þeim tíma Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja. Menntasmiðja kvenna á Vesturlandi var opnuð í upphafi símenntunarvikunnar og í Borgarnesi var haldinn fróðlegur opinn fundur um fjarnám. Á Reyðarfirði var haldið málþing um gildi símenntunar, þróun og markmið með þátttöku Svæðisvinnumiðlunar Austurlands. Að auki voru Svæðisvinnumiðlanirnar með ýmis konar kynningarstarfsemi, heimsóknir í fyrirtæki, opin hús og námskeiðahald þessa viku.

Dagana 14.-16. júní 2000 var haldið hér á landi norræna almannatryggingamótið. Tryggingastofnun ríkisins og félagsmálaráðuneytið höfðu umsjón með mótinu og kom Vinnumálastofnun að skipulagningu mótsins. Frank Friðrik Friðriksson, deildarsérfræðingur á Vinnumálastofnun, hafði yfirumsjón með skipulagningu og framkvæmd þess í samráði við Sæmund Stefánsson hjá Tryggingastofnun. Mót þetta er haldið á 5 ára fresti og til skiptis á Norðurlöndunum. Jón Sigurðsson, forstjóri Norræna fjárfestingabankans, flutti inngangserindi um þróun almannatryggingamála á Norðurlöndunum og líklega þróun þeirra næstu árin. Á mótinu voru haldin fjölmörg fróðleg erindi um ýmis svið velferðarmála. Þátttakendur voru um 250 og lauk mótinu með hátíðarkvöldverði í Perlunni.



Frá ráðningu Þorbjörns Jenssonar í starf forstöðumanns Fjölsmiðjunnar

Á árinu 2000 var hafinn undirbúningur að stofnun Fjölsmiðju, sem er nokkurs konar verkþjálfunarsetur ætlað folki sem af einhverjum ástæðum hefur ekki náð að fóta sig á vinnumarkaði eða í skólakerfinu. Vinnumálastofnun kemur að verkefninu ásamt Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneytinu og Rauða krossi Íslands, sem hefur haft forgöngu um að hrinda verkefninu af stökkunum. Á árinu 2001 hefur svo undirbúningur að stofnun Fjölsmiðju verið í fullum gangi. Skipulagsskrá hennar var undirrituð hinn 15. mars 2001 og hinn 21. júní var gengið frá ráðningu forstöðumanns, Þorbjörns Jenssonar.

Fjármál

Á árinu 2000 varð afgangur á rekstri Vinnumálastofnunar 3,8 milljónir króna í samanburði við 9,4 milljóna króna halla á árinu 1999. Þjónustutekjur og framlög frá öðrum en ríkissjóði námu 198,7 milljónum króna, þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og aðra sjóði, ráð og nefndir 192,2 milljónir. Framlag ríkissjóðs var á árinu 137,9 milljónir. Útgjöld námu 332,8 milljónum króna.

Greiðslur út Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 1.304 milljónir kr., sem er nokkru lægri upphæð en á fyrra ári, og skýrist af lágu atvinnuleysi samfara mikilli eftirspurn eftir vinnuafli undanfarin ár. Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til starfsmenntunar voru 60 milljónir, sem er svipað og síðasta ár. Í árslok 2000 var eignastaða Atvinnuleysistryggingasjóðs 6.321 milljón kr. og hefur hún hækkað um 50% á árinu.

Vinnumarkaðurinn árið 2000

Eftirspurn eftir vinnuafli var mikil árið 2000 líkt og síðustu ár þar á undan. Mikil þensla hefur verið í efnahagslífinu síðustu ár og endurspeglast það í eftirspurn eftir vinnuafli. Heldur var tekið að draga úr þenslu í efnahagslífinu á árinu 2000 og einkum á fyrstu mánuðum ársins 2001, án þess þó að þau samdráttareinkenni hafi að marki haft áhrif á vinnuafllseftirspurn og atvinnuleysi.

Í lok árs 2000 og í byrjun árs 2001 urðu víða á landsbyggðinni áföll í atvinnumálum sem leiddu til aukins atvinnuleysis í byrjun árs 2001. Frystihús Ísfélags Vestmannaeyja eyðilagðist í bruna í byrjun desember og misstu við það tugir manna atvinnuna. Gjaldþrot rækjuvinnslu Nasco í Bolungarvík um miðjan desembermánuð hafði alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir atvinnulíf byggðarlagsins og misstu við það margir tugir manns atvinnu sína. Í byrjun árs

2001 sögðu Fiskiðju-samlag Húsavíkur og Hraðfrystihús Eskifjarðar upp samtals yfir 30 manns og gjaldþrot Harðviðar á Húsavík jók enn á vandann í atvinnumálum Húsavíkinga.

Áföll af þessu tagi hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir atvinnulíf þeirra staða

sem fyrir þeim verða. Hins vegar vega þau ekki mjög þungt í tölum um atvinnuleysi fyrir landið í heild. Ekki varð því vart umtalsverðrar aukningar atvinnuleysis fyrri hluta árs 2001 miðað við sama tíma á árinu 2000. Nokkur aukning varð á atvinnuleysi í maí 2001, en þar var einkum um að ræða afleiðingar af verkfalli sjómanna sem stóð yfir í um mánaðartíma og lauk með laga-setningu hinn 16. maí 2001. Atvinnuleysi í júní og júlí 2001 hefur svo fylgt sama mynstri og undanfarin ár.

Vinnuafli

Fjöldi fólks á vinnumarkaði hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár, samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar, og

var fjöldi á vinnumarkaði kominn í 160 þúsund manns árið 2000 en var um 156 þúsund árið 1999. Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í apríl 2001 er fjöldinn kominn í 162 þúsund. Atvinnuþátttaka eykst þó lítið, þannig að fjölgun á vinnumarkaði helst að mestu í hendur við fólksfjölgun.

Fjölgun vinnuaflls er einkum bundin við höfuðborgarsvæðið og er það í samræmi við þá fólksfjölgun sem þar hefur verið undanfarin ár. Nokkur fjölgun hefur þó orðið á landsbyggðinni síðustu 3 ár. Á höfuðborgarsvæðinu töldust um 96 þúsund manns vera starfandi árið 2000 samanborið við um 94 þús. árið 1999 og 90 þús. árið þar áður. Á landsbyggðinni voru um 61 þús. starfandi árið 2000 og hafði þá fjölgað úr 59 þús. árið áður og 58 þús. árið 1998.


Árið 2000 fjölgaði enn starfandi fólki í fjármálaþjónustu í um 6.700 það ár samanborið við um 4.700 árið 1998. Þessi þróun virðist þó vera að stöðvast ef mið er tekið af tölum úr vinnumarkaðskönnuninni í apríl 2001, en þá voru starfandi um 6.600 manns í greininni sem er svipað og í apríl árið 2000. Starfandi fólki í fasteignaþjónustu, tölvuþjónustu og ýmis konar skyldri starfsemi hefur einnig fjölgað ört undanfarin ár, voru um 13.000 árið 2000 samanborið við um 9.600 árið 1998. Í apríl 2001 voru um 14.100 manns starfandi í greininni þannig að töluverð fjölgun virðist enn vera í þessari atvinnugrein. Ekki er að sjá mikla breytingu á fjölda starfandi innan annarra atvinnugreina, nema helst í fræðslustarfsemi þar sem nærri 10.000 manns störfuðu árið 2000 og um 11.000 í apríl árið 2001.

Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi árið 2000 var hið minnsta síðan 1990. Meðalatvinnuleysi ársins var aðeins 1,3% sem jafngildir því að 1.865 manns hafi að jafnaði verið á atvinnuleysis-skrá árið 2000. Á fyrstu mánuðum ársins 2000 var atvinnuleysið um 1,5 til 2% en fór niður í 0,9% í september og október, en á þeim tíma árs er atvinnuleysi að jafnaði með minnsta móti. Í lok ársins jókst atvinnuleysi svo aftur og var um 1,2% í desember.

Þetta litla atvinnuleysi er framhald á

Fjöldi starfandi í fjármálaþjónustu og fasteigna-/tölvuþjónustu 1997–2001




þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár. Árin 1990 til 1995 jókst atvinnuleysi jafnt og þétt og náði hámarki árið 1995 er það fór í 5%. Síðan hefur það minnkað jafnt og þétt og var komið í 1,9% árið 1999 og svo í 1,3% árið 2000.

Þróun atvinnuleysis þad sem af er árinu 2001 bendir til að meðalatvinnuleysi ársins verði svipað og árið 2000, eða um 1,3 til 1,4%. Þannig var atvinnuleysi fyrstu mánuði ársins 2001 á bilinu 1,5 til 1,6% og fór niður í 1,1% í júlí og ágúst sem er það sama og sömu mánuði árið 2000. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að atvinnuleysi geti orðið mikið lægra en þetta. Megin spurningin er hins vegar hvort atvinnuleysi taki að aukast á ný eða hvort það muni haldast á svipuðu stigi næstu árin eins og var raunin á árunum fyrir 1990.

Atvinnuleysi á landsbygginni jókst mikið haustið 2000 og hélst hátt lengra fram á vor 2001 en undanfarin ár. Það féll hins vegar hratt þegar kom fram í júní, sem er í samræmi við þróun síðustu ára. Á höfuðborgarsvæðinu hefur atvinnuleysi haldist lítið breytt allt þetta ár og hefur heldur hækkað eftir því sem á árið líður. Þarna er um nokkuð breytta þróun að ræða frá síðustu árum, þegar atvinnuleysi hefur ævinlega lækkað yfir sumarið, þó sveiflurnar á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki verið eins afgerandi og á landsbyggðinni.

Atvinnuleysi var meira meðal kvenna en karla á árinu 2000 og er það í samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár. Á árinu var atvinnuleysi meðal kvenna að jafnaði 1,9%, en 0,9% meðal karla. Atvinnuleysi er að jafnaði mest meðal ósérhæfðs starfsfólks. Í október 2000 var skráð atvinnuleysi 2,8% meðal ósérhæfðs starfsfólks, 1,6% meðal skrifstofufólks og verslunarfólks en innan við 1% meðal fólks í öðrum starfsstéttum. Svipaðar upplýsingar má sjá ef atvinnuleysi er greint eftir atvinnugreinum, en í október 2000 var 2,1% atvinnuleysi skráð meðal starfsfólks við fiskveiðum, iðnaði, verslun og á hótélum og veitingahúsum en innan við 1% í flestum öðrum þjónustugreinum, auk landbúnaðar og byggingariðnaðar.


Þegar lítið er á árið í heild er skráð at-



vinnuleysi að jafnaði mest meðal þeirra elstu (55 ára og eldri), því næst þeirra yngstu (15-24 ára) en minnst meðal annarra aldrishópa. Þá minnkaði atvinnuleysi hægar meðal þeirra elstu og þeirra yngstu heldur en meðal annarra aldrishópa á árinu 2000. Sama virðist uppi á teningnum í byrjun árs 2001. Þannig var skráð atvinnuleysi í apríl 2001 2,5% meðal þeirra elstu, 2,1% meðal þeirra yngstu en aðeins 1,4% meðal fólks á aldrinum 25 til 54 ára.

Þeir sem verið hafa á atvinnuleysissskrá í 6 mánuði eða


lengur eru flokkaðir sem langtímaatvinnulausir. Hlutfall langtímaatvinnulausra af heildarfjölda atvinnulausra er nokkuð breytilegt eftir árstíðum. Fjöldi langtímaatvinnulausra sveiflast minna en heildarfjöldi atvinnulausra yfir árið. Því er hlutfall langtímaatvinnulausra lægra yfir vetrarmánuðina þegar hvað flestir eru á skrá, en hækkar aftur yfir sumarið þegar aftur fækkar á atvinnuleysissskrá. Árið 2000 (mars til desember) voru að jafnaði 29% atvinnulausra flokkaðir sem langtímaatvinnulausir og fór hlutfallið hæst í 35% í maí og júní en var komið í 17% í desember. Þessi mikla fækkun í hópi langtímaatvinnulausra skýrist þó ekki eingöngu af árstíðasveiflu



Horfur innan byggingariðnaðarins

Vinnumálastofnun gerði á vormánuðum 2001 sérstaka úttekt á horfum innan byggingariðnaðarins. Starfsfólk svæðisvinnumiðlana um land allt höfðu samband við úrtak fyrirtækja í byggingariðnaði og lögðu spurningalista fyrir forsvarsmenn þeirra. Megin niðurstaða þeirrar úttektar er að staða byggingariðnaðarins sé sterk um þessar mundir og að mikil umsvif verði í greininni fram á haustið. Hins vegar má búast við að umsvifin verði nokkru minni næsta vetur en síðastliðinn vetur án þess þó að um verulegan samdrátt verði að ræða. Mörg fyrirtæki á landsbyggðinni eru þó bjartsýn á að umsvif þar aukist í vetur miðað við síðastliðinn vetur, en óvissan er þar jafnframt meiri en á höfuðborgarsvæðinu.


Verkefni fyrirtækisins næsta vetur miðað við síðasta vetur



heldur má sjá á tölum ársins 2001 að langtímaatvinnulausum hefur fækkað hlutfallslega meira en skammtímaatvinnulausum. Þannig fór hlutfall langtímaatvinnulausra hæst í 25% í maí 2001 og var 23% í júní og

júlí. Ástæða er til að ætla að markvissar aðgerðir Vinnumálastofnunar og annarra aðila hvað varðar starfsþjálfunar- og menntunarúræði sem beint er að þeim sem verið hafa hvað lengst á atvinnuleysisskrá séu þarna að skila sér í umtalsverðri fækkun þeirra á atvinnuleysisskrá.

Langtímaatvinnuleysi sem hlutfall af heildaratvinnuleysi




Skortur á vinnuafli

Skortur á vinnuafli var orðinn verulegur í ýmsum atvinnugreinum á árinu 2000 sem bein afleiðing hinnar miklu þenslu í efnahagslífinu. Þessi skortur endurspeglast meðal annars í stöðugri fjölgun veittra atvinnuleyfa til útlendinga utan hins evrópska efnahagssvæðis. Ný tímabundin atvinnuleyfi voru 1.663 á árinu 2000 samanborið við 1.271 á árinu 1999 og 1.119 árið 1998. Þau störf sem einkum virðist skorta starfsfólk í eru fiskvinnslustörf, ræstinga- og eldhússtörf, ýmis iðnaðar- og verksmiðjustörf og störf í byggingariðnaði. Í mörgum tilvikum er um að ræða erfið, óþrifalega og/eða illa launuð störf sem Ís-

lendingar reyna að sneiða hjá meðan nægilegt frambod er af öðrum störfum.

Kannanir Þjóðhagsstofnunar á vinnuafllspörf fyrirtækja hafa einnig sýnt fram á verulegan vinnuafllsskort í flestum atvinnugreinum undanfarin ár, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi vilji fyrirtækja til að fjölga starfsfólki hélst allt til loka árs 2000, en kannanir á árinu 2001 benda til að jafnvægi sé að nást í eftirspurn eftir vinnuafli og ekki sé lengur almennur vilji til fjölgunar starfsfólks líkt og undanfarin ár. Sömu niðurstöður má lesa út úr sambærilegri könnun Samtaka atvinnulífsins meðal sinna félagsmanna í júní/júlí 2001. Þessar kannanir, auk könnunar Vinnumálastofnunar á stöðu og horfum í byggingariðnaði vorið 2001, benda þó til að áfram megi búast við mikilli eftirspurn eftir vinnuafli innan byggingariðnaðar til ársloka 2001 og í framhaldinu megi búast við að heldur dragi úr eftirspurninni án þess þó að samdrátturinn verði verulegur.

Heildarfjöldi útgefna atvinnuleyfa 1997-2000





Vinnumiðlun

Hlutverk og skipulag vinnumiðlunar

Vinnumálastofnun hefur með höndum yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu, samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir. Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að jafnvægi á milli framboðs og eftirspunar eftir vinnuafli í landinu. Þessu markmiði skal náð með því að Vinnumálastofnun í samvinnu við svæðisvinnumiðlanir og skráningaraðila atvinnulausra fylgist með þróun vinnumarkaðarins og geri tillögur um viðeigandi aðgerðir.

Vinnumálastofnun

Hlutverk Vinnumálastofnunar í vinnumiðlun og vinnumarkaðsmálum eru margvísleg. Hún skal hafa eftirlit með svæðisvinnumiðlunum og samræma starfsemi þeirra og auk þess veita starfsfólki svæðisvinnumiðlana faglega aðstoð og fræðslu. Hún skal afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur, vinna úr þeim upplýsingum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar. Þá skal hún fylgjast með þróun í vinnumarkaðsmálum erlendis, miðla upplýsingum þar um til hlutaðeigandi aðila og miðla í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumarkaðinn hér á landi til erlendra aðila.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnumarkaðarins. Formaður og varaformaður eru skipaðir án tilnefningar af ráðherra. Forstjóri Vinnumálastofnunar situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Vinnumálastofnunar

Stjórn Vinnumálastofnunar fylgist með þróun vinnumarkaðarins, gerir tillögur til félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir og gefur ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsaðgerða. Stjórnin er umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem



snerta vinnumarkaðinn og hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Stjórnin fundar eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og að auki skal hún halda reglulega samráðsfundi með hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins ásamt aðilum sem búa yfir sérþekkingu á honum.

Svæðisvinnumiðlanir

Landinu er skipt upp í átta vinnumiðlunarsvæði sem fylgja kjördæmamörkum að mestu, nema hvað höfuðborgarsvæðið allt er eitt svæði og Suðurnes annað. Svæðisvinnumiðlanir eru starfandi á hverju svæði og stjórn þær vinnumiðlun og öðrum vinnumarkaðsaðgerðum á sínu svæði. Auk þess eru fjölmargir upplýsinga- og skráningarstaðir á hverju svæði.

Þau verkefni svæðisvinnumiðlana sem tengjast vinnumiðlun eru af ýmsu tagi. Þær vinna að því að útvega atvinnurekendum hæft starfsfólk og aðstoða fólk við atvinnuleit. Jafnframt veita þær upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun og sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun eftir því sem við á. Þá tekur svæðisvinnumiðlun saman og miðlar upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur til svæðisráðs og Vinnumálastofnunar.

Börnin heim – Rannsókn Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða vann á árinu 2000 að verkefninu Börnin heim. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og var unnið í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Verkefnið var tvíþætt. Annars vegar könnun á því hvað orðið hefur um ungt fólk sem hefur flutt frá Vestfjörðum á undanförunum árum, viðhorfi þess til Vestfjarða, hvort það hafi áhuga á því að snúa aftur og ef svo er, á hvaða forsendum. Hins vegar var fólki boðið upp á að skrá sig hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða með það fyrir augum að haft yrði samband við viðkomandi ef vinna við hæfi byðist á Vestfjörðum. Í samantekt um niðurstöður könnunarinnar segir m.a.:



Niðurstöður könnunarinnar gefa til kynna að brottfluttir Vestfirðingar eru ekki fráhverfir þeirri hugmynd að búa og starfa á Vestfjörðum - svo framarlega sem áhugaverð atvinna er í boði. Niðurstöðurnar gefa til kynna að þeir sem geta hugsað sér að taka starfi á Vestfjörðum hafi áhuga á ýmis konar störfum en þó fyrst og fremst störfum sem tengjast þjónustu á einhvern hátt. Tiltölulega fáir höfðu áhuga á að starfa innan sjávarútvegs og þeir sem það gerðu voru fyrst og fremst að hugsa um stjórnunarstörf. Þau störf sem ungir brottfluttir Vestfirðingar hafa áhuga á eru því ekki alveg í samræmi við það atvinnulíf sem er á Vestfjörðum í dag. Ef atvinnulíf á Vestfjörðum á að höfða til þessa fólks þurfa að vera í boði áhugaverð tækifæri sem gera fólki kleift að nýta sér þá menntun sem það hefur aflað sér. Efling atvinnulífs og leit að nýjum sóknarfærum er því grundvallaratriði.

Skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar er á þessari slóð:

http://www.vinnumalastofnun.is/Svaedisvinnumiðlun/svmVF/skyrsla_BH.htm

Svæðisráð

Níu manna ráðgjafarnefnd, svæðisráð, er skipuð af félagsmálaráðherra í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun. Svæðisráðið er skipað þremur fulltrúum samtaka atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum samtaka launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélagsins og einum fulltrúa framhaldsskóla. Ráðherra skipar formann og varaformann úr þessum hópi. Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar situr fundi svæðisráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Svæðisráðið fylgist með stöðu atvinnumála á sínu svæði og kemur með tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir sem það beinir til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annarra eftir því sem við á. Svæðisráð aðstoðar svæðisvinnumiðlun í að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, til dæmis með því að fá aðila til samstarfs um úrræði. Að minnsta kosti einu sinni á ári gefur svæðisráðið stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu um atvinnuástand og árangur vinnumarkaðsaðgerða á sínu svæði. Svæðisráð fundar

eftir þörfum en að jafnaði einu sinni í mánuði.

Vinnumiðlun í tölum

Á skrá vinnumiðlunar komu samtals 9.407 manns um land allt á árinu 2000, sem er um 14% fækkun frá árinu áður. Af þeim voru afskráðir 7.040. Afskráðir eru því um 75% af öllum sem komu á skrá, sem er sama hlutfall og árið 1999. Þetta verður að teljast góður árangur, þó ekki sé hægt að meta hve miklu skipti sú starfsemi sem unnin er við vinnumiðlun. Hæst fór hlutfall afskráðra á höfuðborgarsvæði í 80% og á Vesturlandi í 78%.

Samtals voru skráðar 4.023 verkbeiðnir frá fyrirtækjum á árinu 2000 sem er nokkur fjölgun frá fyrra ári. Ráðið var í 1.022 þessara starfa fyrir milligöngu opinberra vinnumiðlana, eða í um 25% þessara starfa, en árið 1999 var ráðið í hlutfallslega fleiri störf, eða um 32%. Það að verkbeiðnum skuli fjölga og hlutfall ráðninga lækka skýrist að öllum líkindum af minna fram-



boði af vinnuafl, sem gerir sífellt erfiðara að útvega fyrirtækjum starfsfólk við hæfi.

EES-vinnumiðlun

EURES (EUROPEAN Employment Services), er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskt heiti þess er EES-vinnumiðlun. Tveir evróráðgjafar starfa nú við EES-vinnumiðlunina og hefur hún starfsaðstöðu í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði. Á öllum svæðisvinnumiðlunum eru auk þess starfandi tengiliðir sem veita nánari upplýsingar um þjónustuna.

Um 500 evróráðgjafar mynda samskiptanet í öllum ríkjum EES. Þetta samskiptanet tengir saman opinberar vinnumiðlanir á evrópska efnahagssvæðinu. Markmiðið er að auðvelda fólki að fá störf í öðrum EES-löndum og stuðla þannig að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafl á svæðinu.

Evróráðgjafarnir hafa sérfræðipækkingu í atvinnumálum á evrópska efnahagssvæðinu og veita auk þess upplýsingar um ýmis önnur málefni eða vísa til viðeigandi sérfræðinga, m.a. um almannatryggingar og heilsugæslu, skattamál, menntamál, starfsþjálfunartækifæri, samanburð á starfsréttindum, framfærslu og húsnæðiskostnað og ýmis hagnýt heimilisföng.

Á árinu 2000 voru skráð samskipti við atvinnuleitendur 3.269, við atvinnurekendur 1.061 og 863 við ýmsa aðra aðila. Umsóknir frá EES-borgurum sem fóru um hendur evróráðgjafa voru 1.240. Fjöldi samskipta við atvinnuleitendur fækkaði um 7% og fjöldi samskipta við atvinnurekendur jókst um liðlega 50%. Fyrirspurnum frá Íslendingum um störf í öðrum EES-löndum fækkaði talsvert, en fyrirspurnum atvinnuleitenda frá öðrum EES-löndum fjölgaði mikið.

Vinnuaflsþörf íslenskra fyrirtækja fór áfram vaxandi. Á öllu árinu voru 323 auglýsingar vegna liðlega 960 starfa færðar í sameiginlegan gagnagrunn EURES-kerfisins í Brussel, meira en tvöfalt fleiri en árið 1999. Störfin voru í öllum greinum, fjölbreyttari en áður. Þar á meðal voru

auglýsingar eftir smiðum, forriturum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, auk starfa í landbúnaði og fiskvinnslu.

Auglýst störf á Íslandi í sameiginlegum gagnagrunni EES-vinnumiðlunar skiptast svo eftir atvinnugreinum:

Landbúnaður	10%
Kjöttvinnsla	22%
Fiskvinnsla	10%
Framleiðsluiðnaður	7%
Byggingariðnaður	18%
Veitinga- og gistihús	12%
Heilbrigðisstofnanir	9%
Upplýsingatækni	8%
Annað	4%

Það var misjafnt eftir greinum hversu vel tókst að fylla störf. Þegar á heildina er liðið tókst að manna um 35% af störfunum. Hæsta hlutfall 95% var í landbúnaðar- og garðyrkjustörfum, en einna lægst í upplýsingatækni eða tæp 10%. Vaxandi erfiðleikar voru á að fá húsnæði á höfuðborg-



arsvæðinu, en það leiddi oft til þess EES-borgarar treystu sér ekki til að þiggja atvinnutilboð.

Á árinu 2000 fór í gang verkefni til þess að efla samvinnu um árstíðabundin störf í sláturhúsum, en í því verkefni tóku þátt Ásmundur Sverrir Pálsson á Svæðisvinnumiðlun Suðurlands, Frank Friðrik Friðriksson frá Vinnumálastofnun og Jón Sigurður

Karlsson EES-vinnumiðlun. Ráðningar til sláturhúsanna voru um 60 haustið 2000 og var það stærsta einstaka verkefnið á vegum EES-vinnumiðlunar. Almenn var vel látið af starfsmönnum sem langflestir komu frá hinum Norðurlöndunum. Samstarfið við svæðisvinnumiðlanir var eftir enn frekar á árinu í takt við mótaða stefnu um samþættingu EES-vinnumiðlunar við innlenda vinnumiðlun.

Alls voru 336 EES-borgarar ráðnir gegnum EES-vinnumiðlun til íslenskra atvinnurekenda á árinu 2000, sem er liðlega 20% aukning frá árinu 1999. Fyrirspurnir bárust frá flestum EES-landanna, en milli 70-80% fyrirspurna voru frá hinum Norðurlöndunum og á það líka við um ráðningar.

Fjöldi ráðninga á Íslandi eftir upprunalandi:

Svíþjóð	174	52%
Danmörk	37	11%
Finnland	34	10%
Bretland	23	7%
Belgía	20	6%
Holland	16	5%
Ítalía	12	4%
Þýskaland	9	3%
Noregur	5	2%
Frakkland	4	1%
Spánn	2	1%
Samtals	336	100%

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar

má ætla að um 1.000 EES-borgarar á vinnualdri hafi flutt til Íslands á árinu 2000. Það má ætla að allmargir hafi komið vegna persónulegra tengsla og hafi getað komist í vinnu án aðstoðar vinnumiðlunar-kerfisins.

Vitað var um 41 Íslendinga sem fóru til vinnu í öðrum EES-löndum árið 2000, sem er 20% fækkun frá fyrra ári. Flest ber því að sama brunni með að atvinnutækifæri hafi árið 2000 verið betri á Íslandi en víða annars staðar.

Einnig er veitt ráðgjöf þeim sem koma í atvinnuleit eða fara utan með vottorð E-303, sem veitir rétt til að flytja atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði milli EES-landa. Alls fóru 43 í slíka leit frá Íslandi (28% fækkun frá 1999). Í atvinnuleit til Íslands komu 48 með atvinnuleysisbætur sem baktryggingu (17% færri en 1999).

EES-borgarar sem hafa verið í vinnu á Íslandi geta fengið vottorð 301 sem staðfestir að iðgjald atvinnuleysistryggingar hefur verið greitt vegna starfa þeirra hér á landi og flytja þeir réttinn með sér. Alls nýttu sér 499 EES-borgarar þennan rétt. Á sama hátt fluttu 10 slíkan rétt til Íslands.

Af öðrum verkefnum má nefna að EES-vinnumiðlun tók þátt í sameiginlegri kynningu Evrópusambandsstengdra skrifstofa á Íslandi í Morgunblaðinu og fundir voru haldnir með skráningaraðilum og starfsfólki svæðisvinnumiðlana á Austurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi. Þá sinnir skrifstofan almennri vinnumiðlun í Hafnarfirði og næsta nágrenni.



Aðgerðir í vinnumarkaðsmálum

Vinnumálastofnun hefur með höndum ýmsar aðgerðir sem eiga að stuðla að því að auðvelda fólki að komast út á vinnumarkaðinn. Auk starfsleitaráætlunar eru úrræði af ýmsum toga, bæði starfstengd úrræði og úrræði sem tengjast þjálfun og menntun.

Starfsleitaráætlun

Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 skal svæðisvinnumiðlun með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan 10 vikna frá skráningu. Áætlunin er fyrst og fremst aðferð til að aðstoða hinn atvinnulausa við að leita kerfisbundið að vinnu og miðast við persónulegar forsendur hans. Starfsleitaráætlun er jafnframt tengd sérstökum aðgerðum til að bæta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði.

Um er að ræða þrjár megingerðir starfsleitaráætlana. Starfsleit 1 er samningur á milli svæðisvinnumiðlunar og atvinnuleitanda til 2-4 mánaða um hvernig atvinnuleit hans skuli háttáð næstu mánuði og hvort og þá hvaða úrræðum hann ætlar að taka þátt í. Starfsleit 2, sem venjulega er gerð að loknum gildistíma starfsleitar 1 eða eftir 4-6 mánaða atvinnuleysi, er áætlun um hvað atvinnuleitandinn ætlar að gera í atvinnuleit sinni og þátttöku hans í úrræðum á gildistíma áætlunarinnar. Fleiri möguleg úrræði eru í boði heldur en í tengslum við starfsleit 1. Starfsleit 3, sem að jafnaði er gerð eftir 10-12 mánaða atvinnuleysi, snýst um sérstaka greiningu og sérstök úrræði til að leysa vanda atvinnuleitandans. Atvinnuleitendur skila reglulega yfirliti yfir framgang starfsleitaráætlunar.

Eðlilega er mest um áætlunir sem falla undir **starfsleit 1**, en þær voru samtals 2.797 á landinu öllu á árinu 2000. Áætlunir sem falla undir **starfsleit 2** voru 466 og ríflega 384 undir **starfsleit 3**. Hafa ber í huga þegar litið er á fjölda starfsleitaráætlana að sumir atvinnuleitendur hafa gert fleiri en eina starfsleitaráætlun.

Nokkur munur er á útfærslu og framkvæmd starfsleitaráætlana milli svæðisvinnumiðlana. Á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra er í meira mæli notuð

hópráðgjöf við gerð starfsleitaráætlana en annars staðar þar sem nær eingöngu eru gerðar áætlunir með einstaklingsráðgjöf.

Úrræði

Eitt verkefna svæðisvinnumiðlunar er að sjá til þess að hver og einn atvinnuleitandi eigi kost á úrræðum sem hafa það að markmiði að auka starfsgetu hans og starfsmöguleika. Úrræðin miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins atvinnuleitanda og bjóðast eingöngu í tengslum við starfsleitaráætlunir. Framboð og fjölbreytni þeirra úrræða sem atvinnuleitanda gefst kostur á að taka þátt í eykst í samræmi við það hve lengi hann hefur verið skráður atvinnulaus hjá svæðisvinnumiðlun. Þannig er gert ráð fyrir að í tengslum við starfsleit 1 séu færri úrræði en í tengslum við starfsleit 2 og 3.


Námsúrræði. Í tengslum við starfsleitaráætlun og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum getur atvinnuleitandi stundað nám á dagvinnutíma og fengið óskertar eða skertar atvinnuleysisbætur á sama tíma í samræmi við reglur þar um. Almennt séð er um að ræða styttra nám og námskeið og starfsnám sem ekki er lánshæft nám af hálfu Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Í tengslum við námsúrræði gera svæðisvinnumiðlun og atvinnuleitandi með sér námssamning þar sem fram kemur m.a. hvaða nám atvinnuleitandinn mun stunda, skuldbinding um ástundun og upplýsingaskyldu atvinnuleitanda til svæðisvinnumiðlunar um framvindu námsins.

Um er að ræða þrjár mismunandi gerðir námsúrræða; nám í eina önn með starfi, nám í allt að þrjá mánuði og starfsnám í 1-2 annir.

Á árinu nýttu 8 manns sér námsúrræði af einhverju tagi.

Starfsúrræði. Svæðisvinnumiðlanir hafa heimild til að bjóða atvinnuleitanda sem uppfyllir ákveðin skilyrði upp á starfsúrræði sem hefur það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hans. Svæðisvinnumiðlun og atvinnuleitandi




Greining á þátttakendum í úrræðum svæðisvinnumiðlana árið 2000

Á árinu 2001 var unnin ítarleg greining á þátttakendum í úrræðum svæðisvinnumiðlana árið 2000. Reynt var að leggja mat á árangur þeirra úrræða sem standa atvinnuleitendum til boða. Niðurstöðurnar voru gefnar út í skýrslu, en hana má nálgast á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is undir liðnum *Útgáfa og talnaefni - aðrar skýrslur*. Hér að neðan er gerð grein fyrir nokkrum af helstu niðurstöðum þessarar greiningar.

Markmið með úrræðum er að hjálpa fólki að fá vinnu eða komast í nám. Úrræði eru mörg og misjöfn og erfitt er að meta árangur þeirra en þó fæst ákveðin vísbending um árangur með því að skoða hvort þátttakendur eru á atvinnuleysissskrá þremur mánuðum eftir að úrræði lauk. Sé þessi mælikvarði notaður er hægt að segja að úrræði svæðisvinnumiðlana um land allt skili 47% árangri. Erfitt er að bera þessar tölur saman við tölur erlendis frá vegna ólíkra gagna og aðferða við greiningu. Á heildina litið virðist þó árangur úrræða hérlendis ekki lakari en í nágrennalöndum okkar.

Það kemur skýrt fram að ungir atvinnuleitendur sem taka þátt í úrræðum skila sér betur út á vinnumarkaðinn eða í nám heldur en þeir eldri. Um 82% 16-19 ára atvinnuleitenda sem ljúka úrræði eru ekki á skrá eftir þrjú mánuði og 78% í aldurshópnum 20-24 ára. Hins vegar eru 42% í aldurshópnum 50-59 ára ekki á skrá eftir þrjú mánuði og aðeins 20% í elsta aldurshópnum, þ.e. 60-69 ára.



Hversu lengi þátttakendur hafa verið á atvinnuleysissskrá sl. 12 mánuði fyrir úrræði hefur einnig mikið að segja um árangur úrræða þannig að því lengur sem þátttakendur hafa verið á skrá, því hærra hlutfall er enn á skrá 3 mánuðum eftir að úrræði lýkur.

Þessir þættir, aldur og lengd á atvinnuleysissskrá, hafa því bein áhrif á árangur af einstökum úrræðum. Þannig voru einungis 28% þátttakenda í starfsleit 3 á höfuðbogarsvæðinu ekki á atvinnuleysissskrá þremur mánuðum eftir lok úrræðis, en starfsleit 3 er einkum ætluð þeim sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma. Hins vegar voru um 83% þeirra sem gerðu starfsþjálfunarsamninga á Norðurlandi eystra ekki á atvinnuleysissskrá þremur mánuðum eftir lok úrræðis, en þar er einkum um að ræða fólk sem verið hefur skamman tíma á atvinnuleysissskrá.

gera með sér samning þar sem fram kemur m.a. um hvaða starf er að ræða, skyldur og réttindi atvinnuleitanda og ákvæði um mat og eftirlit svæðisvinnumiðlunar á starfsúr-ræðinu. Um þrenns konar form starfsúr-ræða er að ræða; starfskynningu, starfsþjálfun og reynsluráðningu.

Í starfskynningu heldur atvinnuleitandinn atvinnuleysisbótum sínum en í starfsþjálfun og reynsluráðningu fer hann af atvinnuleysissskrá og vinnuveitandinn fær greitt sem nemur bótahlutfalli atvinnuleitandans.

Á árinu 2000 fóru 67 manns í starfsþjálfun, 3 í reynsluráðningu og 2 í starfskynningu.

Ýmis úrræði. Önnur úrræði sem nýtt voru á árinu 2000 voru af ýmsum toga en samtals voru þau nýtt af 929 einstaklingum. Mest nýttu úrræðin eru ýmis

konar tölvunámskeið og sjálfstyrkingar-námskeið. Margir nýttur sér einnig starfs-

leitarnámskeið, vinnuklúbba, mennta-smiðju kvenna, námskeið fyrir eldri borgara eða starfslokanámskeið og MFA-skólann. Fjöldmörg önnur úrræði má nefna s.s. skrifstofu- og bókhaldsnámskeið, meirapróf eða vinnuvélanámskeið og tungumálanám-skeið.


Sérstök verkefni á vegum svæðisvinnumiðlana

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að styrkja sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana. Verkefni þurfa að vera skýrt afmörkuð og tímabundin og mega ekki vera í samkeppni við aðila í hliðstæðum atvinnurekstri á landsvísi. Þá skulu þau unnin innan umdæmis viðkomandi svæðisvinnumiðlunar og nota skal vinnuafll af atvinnuleysissskrá þess umdæmis.

Styrkhæf verkefni geta verið af ýmsum toga, t.d. tímabundin verkefni fyrir atvinnulausa á vegum opinberra aðila, stuðningur við atvinnulausa einstaklinga sem hyggjast stofna fyrirtæki og stuðningur við fyrirtæki við að skapa ný störf vegna nýrrar framleiðslu.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tek-


Skipting sérstakra verkefna á mismunandi aðila





Úttekt á Lánatryggingasjóði kvenna

Á árinu 2000 var gerð úttekt á Lánatryggingasjóði kvenna, þar sem þá var að ljúka þriggja ára reynslutímabili sjóðsins. Úttektinni lauk með gerð skýrslu í byrjun árs 2001. Helstu niðurstöður úttektarinnar eru þær að umfang Lánatryggingasjóðsins sé ekki mikið í ljósi heildarumsvifa kvenna í atvinnurekstri, enda komi reglur sjóðsins í veg fyrir slíkt þar sem skilyrt er að um kvennaverkefni skuli vera að ræða, nýsköpun þarf að felast í verkefnum og verkefnið má ekki vera í samkeppni við sambærilega starfsemi á sama svæði. Hins vegar skiptir starfsemi sjóðsins sköpum fyrir þau verkefni sem hlotið hafa tryggingu hjá honum, fæst þessara verkefna hefðu farið af stað án stuðnings sjóðsins og lánin sem tryggingin var fyrir voru yfirleitt stærstur hluti fjármögnunar verkefnisins. Þá er fjárhagsstaða sjóðsins traust og stærstur hluti afborgana af þessum lánum í skilum.



ur endanlega ákvörðun um veitingu styrkja að fenginni umsögn framkvæmdaráðs sjóðsins.

Framlög til þessara verkefna voru um 21 milljón á árinu 2000. Alls var veittur styrkur til um 120 starfa á vegum um 45 aðila, en margir sóttu um til fleiri en eins starfs. Samtals gerðu þetta um 24 ársverk. Sveitarfélög eru stærsti umsækjandi styrkja til verkefna af þessu tagi og runnu um 39% styrkjanna til þeirra ef miðað er við ársverk og yfir 50% ef miðað er við fjölda þeirra einstaklinga sem fengu vinnu út á þessi verkefni. Um fjölbreytt verkefni var að ræða s.s. uppgræðsla, fegrun og gróðursetning, verkefni tengd söfnum, vinnu við íþróttasvæði, viðhaldsverkefni og námskeið. Um 27% þeirra ársverka sem sköpuðust voru á vegum fyrirtækja, um 17% á vegum félagsamtaka og önnur 17% á vegum einstaklinga.

Atvinnumál kvenna

Sérstök áhersla er lögð á atvinnumál kvenna hjá Vinnumálastofnun. Ástæðan er sú að konur hafa víða haft færri tækifæri til atvinnu, einkum á landsbyggðinni og einnig er aðgangur kvenna að fjármagni til uppbyggingar atvinnustarfsemi oft lítil. Því hefur verið starfræktur sérstakur sjóður frá árinu 1991 sem annast styrkveitingar til kvenna.

Markmiðið með styrkveitingum hefur einkum verið að auka fjölbreytni í atvinnulífi, að viðhalda byggð um landið og efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auka aðgang kvenna að fjármagni, ekki síst fyrir konur sem stunda starfsemi sem nýtur síður fyrirgreiðslu í hefðbundnum lánastofnunum.

um. Markmiðið er einnig að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

Árið 2000 bárust samtals 109 umsóknir og var 60 styrkjum úthlutað. Til úthlutunar voru kr. 20 milljónir og var úthlutað einu sinni á árinu. Veittir voru styrkir til verkefna einstaklinga og fyrirtækja, kvennasmiðja og félagsamtaka.

Höfnun á styrkumsóknum var einkum vegna samkeppnissjónarmiða, sótt var um rekstrarstyrki sem aldrei hafa verið veittir, eða að verkefni voru ekki hefðbundin kvennaverkefni en það eru verkefni sem annaðhvort eru í eigu kvenna eða er stjórn að af konum.

Lánatryggingasjóður kvenna

Lánatryggingasjóður kvenna var stofnaður í byrjun árs 1998 sem tilraunaverkefni í 3 ár. Stofnendur sjóðsins eru félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og iðnaðarráðuneyti. Sjóðnum er ætlað að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífinu með veitingu trygginga fyrir lánunum. Vinnumálastofnun sér um umsýslu sjóðsins.

Gerð var úttekt á starfsemi sjóðsins í lok tilraunatímabilsins. Þar kemur m.a. fram að starfsemi sjóðsins hefur skipt sköpum fyrir þau verkefni sem hlotið hafa tryggingu hjá honum og fæst þeirra hefðu farið af stað án hans. Þá var ákveðið að framhald yrði á starfsemi Lánatryggingasjóðsins í a.m.k. 3 ár til viðbótar.

Samið var við Landsbanka Íslands um að annast lánveitingar til umsækjenda og veitir bankinn lánatryggingar til helminga á móti sjóðnum.

Starfsmenntaráð

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992. Það heyrir undir félagsmálaráðuneytið og fær fjárframlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Vinnumálastofnun annast daglega umsýslu ráðsins.

Hraðar breytingar í íslensku atvinnulífi og umhverfi þess gera kröfu til þess að þeir sem þjóna atvinnulífinu, þ.m.t. starfsmenntaráð, endurmati stefnu sína og alla starfshætti. Að sönnu hefur starfsemi ráðsins tekið ýmsum breytingum og hún þróast á undanförunum árum. Það var engu að síður mat starfsmenntaráðs haustið 1999 að eðlilegt væri að taka alla stefnu og starfshætti ráðsins til gagn Gerrar endurskoðunar með það að markmiði að laga starfsemina sem best að breyttum þörfum atvinnulífsins; fyrirtækja og stofnana og þeirra sem þar starfa og þróuninni í næstu framtíð. Mikilvægur þáttur í þessari endurskoðun var að gera starfshætti ráðsins markvissari og stjórnslu gagnsærri gagnvart viðskiptavinum starfsmenntaráðs.

Á opnum fundi í upphafi ársins 2000 kynnti starfsmenntaráð afrakstur stefnumótunarvinnu sinnar; annars vegar „STARFSMENNT 2000“ og hins vegar „Hlutverk og stefna“.

STARFSMENNT 2000 er grunnur undir starf og stefnumótun á vettvangi starfsmenntaráðs. Ekki er um að ræða endanlega eða tæmandi úttekt á stöðu starfsmenntamála eða framtíðarsýn. Þvert á móti er STARFSMENNT 2000 ætlað að vera í stöðugri endurskoðun og þróun, eftir því sem aðstæður breytast og þekkingu á þörfum

fyrirtækja, einstaklinga og samfélagsins alls fyrir starfsmenntun vindur fram.

Á grunni STARFSMENNTAR 2000 hefur starfsmenntaráð sett fram megináherslur sínar um „Hlutverk og stefnu“ ráðsins á næstu missirum.

Starfsmenntaráð hvetur sem flesta til að kynna sér STARFSMENNT 2000 og hafa skoðanir á þeim áherslum og þeirri framtíðarsýn sem þar koma fram. Það er vilji ráðsins að þetta efni megi nýtast sem víðast við skoðanaskipti og stefnumótun um starfsmenntun.

Árið 2000 lagði starfsmenntaráð áherslu á að styðja annars vegar verkefni sem ætlað var að efla starfsmenntun á landsbyggðinni og hins vegar starfsmenntun sem stuðlar að nýsköpun og hagræðingu. Hvatt var til samstarfs ólíkra aðila og það tekið fram að gerð náms- og kennslugagna nyti forgangs umfram rekstur námskeiða.

Umsóknir um styrki í sjóðinn bárust frá 66 aðilum vegna 155 verkefna. Alls var sótt um styrki að upphæð 225 milljónir.

Til úthlutunar voru 30 milljónir og skiptist upphæðin milli 34 styrkþega eða 55 verkefna. Auk þess voru veittir styrkir að upphæð rúmar 9 milljónir til sérstakra þróunarverkefna á sviði starfsmenntunar og til rannsóknar á símenntun.

Umsóknirnar einkenndust af mikilli fjölbreytni. Sótt var um styrki vegna nýsköpunar og hagræðingar, námsgagnagerðar og námskeiðahalds. Aldrei hafa fleiri verkefni á landsbyggðinni hlotið styrk.

Sjá nánar um starfsmenntaráð á heimasíðu ráðsins www.starfsmenntarad.is



Frá afhendingu starfsmenntaverðlauna starfsmenntaráðs og Menntar.



Atvinnuleysisstryggingar

Eitt megin hlutverk Vinnumálastofnunar er umsýsla atvinnuleysisstrygginga landsmanna. Til að sinna því hlutverki er starfandi net svæðisvinnumiðlana, skráningarstaða og úthlutunarnefnda um land allt.

Svæðisvinnumiðlanir annast skráningu atvinnulausra ásamt skráningarstöðum og hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysisstryggingar. Skulu þær miðla upplýsingum til úthlutunarnefnda um atvinnulausa og jafnframt tilkynna úthlutunarnefnd ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að umsækjendur um atvinnuleysisbætur uppfylli ekki áðurnefnd laga-skilyrði.

Afgreiðsla umsókna um atvinnuleysisdagpeninga fer einnig fram á svæðisvinnumiðlunum utan höfuðborgarsvæðisins, en þar fer afgreiðslan fram hjá Eflingu og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Afgreiðslunni er stjórnad af úthlutunarnefndum á hverju svæði. Tvær úthlutunarnefndir eru þó starfandi á höfuðborgarsvæðinu. Þá er sérstök úthlutunarnefnd vegna Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og fer afgreiðsla umsókna fram á skrifstofu Vinnumálastofnunar.

Vinnumálastofnun hefur umsjón með Atvinnuleysisstryggingasjóði og Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga, en sá sjóður er ætlaður bændum, vörubifreiðastjórum og smábátaeigendum.

Atvinnuleysisstryggingasjóður

Atvinnuleysisstryggingasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysisstryggingar og síðari breytingum á þeim. Sjóðurinn er í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af ýmsum aðilum í atvinnulífinu og skipar félagsmálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar.


Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs 1997 til 2001 skipuðu Þórður Ólafsson, formaður, Ellert Eiríksson, Erna Hauksdóttir, Guðmundur Þ Jónsson, Hervar Gunnarsson, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson, Páll Halldórsson og Sigríður Kristinsdóttir.



Sjóðurinn hefur einkum tekjur af trygg-



ingagjaldi. Á árinu 2000 námu þær 3.440 milljónum króna, samanborið við 3.818 milljónir árið 1999. Fjármunatekjur eru einnig umtalsverðar, eða 391 milljón, en voru 139 milljónir árið áður.

Atvinnuleysi minnkaði enn árið 2000 miðað við fyrri ár og voru greiðslur úr sjóðnum í atvinnuleysisbætur því talsvert lægri á árinu 2000, eða 1.304 milljónir á móti 1.706 milljónum árið 1999. Greiðslur vegna úrræða fyrir atvinnuleitendur hækkuðu nokkuð, úr 33 milljónum í 41,





en framlög til átaksverkefna sveitarfélaga lækkuðu úr 31 milljón í 21. Aðrir gjaldaliðir eru svipaðir og árið áður, þeirra helstir er framlag í starfsmenntasjóð, 60 milljónir og til kjararannsóknarnefndar, 22 milljónir.

Eignir sjóðsins voru í árslok 2000 um 6.321 milljónir króna og höfðu þá aukist úr um 4.176 milljónum frá ársbyrjun.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum nr. 46/1997. Um er að ræða tryggingasjóð vegna atvinnuleysis bænda, vörubifreiðastjóra og smábátæigenda, og er heimild í lögum til að bæta við öðrum starfsgreinum. Sjóðurinn er í umsjá Vinnuálastofnunar í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af samtökum þeirra starfsgreina sem aðild eiga að sjóðnum og skipar félagsmálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar.

Stjórn sjóðsins árið 2000 var þannig skipuð: Árni Gunnarsson, formaður, Leifur Eysteinnsson, Örn Pálsson, Unnur Sverrisdóttir og María Hauksdóttir.

Tekjur sjóðsins eru einkum af atvinnu-tryggingargjaldi sjóðfélaga, eða um 33 milljónir, en fjármunatekjur eru einnig umtalsverðar, eða um 9 milljónir. Greiðslur atvinnuleysisbóta námu um 9 milljónum árið 2000.




Ábyrgðarsjóður launa

Ábyrgðarsjóður launa starfar samkvæmt lögum nr. 53/1993. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans. Vinnumálastofnun annast skrifstofuhald fyrir sjóðinn á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, Félags-málaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn tilnefndir af ASÍ og VSÍ, og einn skipaður af félagsmálaráðherra. Stjórn sjóðsins var þannig skipuð árið 2000: Sesselja Árnadóttir var formaður sjóðsins fyrri hluta árs 2000, en Elín Blöndal tók við formennskunni síðari hluta árs. Aðrir í stjórn voru þau Halldór Grönvold og Hrafnhildur Stefánsdóttir. Á árinu 2001 tók Guðjón Bragason við sem formaður.

Útgjöld Ábyrgðarsjóðs launa voru á árinu 2000 svipaðar að umfangi og undanfarin ár. Heildargreiðslur Ábyrgðarsjóðsins voru um 170 milljónir árið 2000 samanborið við um 215 milljónir árið 1999, 140 milljónir 1998 og 173 milljónir 1997. Varast ber að túlka þessar sveiflur milli ára sem breytingar í efnahagssumhverfinu. Þannig getur gjaldþrot eins stórs fyrirtækis hækkað útgjöld þess árs óeðlilega mikið miðað við umfang gjaldþrota í heild. Þá hafa stór



gjaldþrot orðið nálægt áramótum, og er þá tilviljun háð hvoru megin áramóta þau verða.

Á árinu 2001 má hins vegar merkja töliverða aukningu greiðslna úr sjóðnum. Á fyrstu 8 mánuðum ársins voru greiðslur úr sjóðnum um 186 milljónir króna, samanborið við um 107 milljónir á fyrstu 8 mánuðum ársins 2000. Þetta er um 74% aukning. Þá eru óafgreiddar kröfur talsvert fleiri en á sama tíma í fyrra.

Á árinu 2000 var unnið að heildarendurskoðun á lögum um Ábyrgðarsjóð launa. Þeirri vinnu var fram haldið á árinu 2001 og er reiknað með að frumvarp að nýjum lögum um sjóðinn verði lagt fram í vetur.

Atvinnuleyfi útlendinga

Atvinnuleyfi útlendinga

Veiting atvinnuleyfa til útlendinga utan hins evrópska efnahagssvæðis er á höndum Vinnumálastofnunar, samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994. Árið 2000 einkenndist af mikilli þenslu á vinnumarkaði sem hafði í för með sér umtalsverða aukningu í veitingu atvinnuleyfa. Eftirspurn eftir erlendu vinnuafla hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 1995 og hafa aldrei verið veitt jafn mörg atvinnuleyfi og árið 2000 enda atvinnuleysi í algjöru lágmarki og mikið um hverskyns verklegar framkvæmdir.

Útgefin atvinnuleyfi árið 2000

Aukning átti sér stað í öllum flokkum atvinnuleyfa. Á árinu 2000 voru veitt alls 1.663 ný tímabundin atvinnuleyfi á móti 1.271 árið 1999. Mikil aukning varð milli árána 1999 og 2000 á fjölda veittra atvinnuleyfa vegna útlendinga sem skipt hafa um vinnustað, úr 461 í 659. Ástæðuna má að hluta til rekja til þess að nokkur fyrirtæki þar sem stór hópur útlendinga starfaði, hættu rekstri á árinu og fengu þeir leyfi til

mikið, úr 26 í 54, en fjöldi námsmannaleyfa er svipaður og árið áður, eða 91 árið 2000.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi hafi hann samfellt átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár og hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi. Alls voru gefin út 406 óbundin atvinnuleyfi árið 2000 og hefur útgáfu óbundinna atvinnuleyfa fjölgað mikið undanfarin ár, voru 275 árið 1999 og 193 árið 1998. Þessa miklu aukningu í útgáfu óbundinna leyfa má rekja aftur til árána 1995 til 1997 þegar eftirspurn eftir erlendu vinnuafla fór að aukast. Þeir hópar sem þá komu til landsins og hafa í lengst hér uppfylla nú orðið skilyrði til að geta öðlast óbundið atvinnuleyfi.

Atvinnuleyfi eftir þjóðernum og störfum og landsvæðum

Sem fyrr eru flest tímabundin leyfi veitt vegna Pólverja, eða alls 1.071 og 193 óbundin leyfi. Aðrar þjóðir sem skera sig úr eru Filippseyingar, Tælendingar og Júgóslavar.

Atvinnuleyfum, bæði tímabundnum og óbundnum, hefur fjölgað mjög í Reykjavík undanfarin ár. Árið 2000 voru veitt 1.582 tímabundin og 149 óbundin atvinnuleyfi þangað. Á sama tíma hefur tímabundnum atvinnuleyfum fækkað mjög á Vestfjörðum og voru þau 192 árið 2000.

Flest tímabundin atvinnuleyfi voru veitt vegna starfa fyrir ófaglært vinnuafl. Vegna starfa við fiskvinnslu voru veitt 540 leyfi en þar er um að ræða fækkun frá árinu 1999 en þá voru þau 665. Veitt atvinnuleyfi til starfsfólks í byggingariðnaði eru 241 og í málmíðnaði og rafeindavirkjun 58. Þá voru veitt 295 leyfi til fólks í ýmsum verksmiðju-störfum við framleiðslu, þökkun og véla-vinnu.

Lagabreytingar

Á árinu 2000 var að störfum nefnd sem hafði það hlutverk að endurskoða núgildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusam-

Útgáfa atvinnuleyfa á árunum 1997 til 2000

	1997	1998	1999	2000
Ný tímabundin leyfi	875	1.119	1.271	1.663
Nýr vinnustaður		188	461	659
Framlengd tímabundin leyfi	465	662	933	1.143
Óbundin atvinnuleyfi	162	193	275	406
Atvinnurekstrarleyfi	6	1	11	4
Námsmannaleyfi	44	50	96	91
Vístráðningarleyfi	8	9	26	54
Samtals	1.560	2.222	3.073	4.020

að flytja sig til annarra fyrirtækja. Í öðrum tilvikum er um að ræða útlendinga sem eru sestir hér að og hefur útgáfa á atvinnuleyfi hjá nýjum atvinnurekenda verið heimilud bæði með vísan til vinnuaflsskorts og tengsla útlendings við landið. Þá hefur útgáfa á leyfum vegna vístráðningar aukist



Tímabundin atvinnuleyfi 2000, skipt á starfsgreinar

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stjórnendur, sérfræðingar, fólk með sérmenntun ýmiskonar, listamenn og skrifstofufólk	148	6%
Fólk við barnagæslu, umönnun og heimilishjálp	107	5%
Fólk við þrif, ræstingu, uppvask og aðstoð í eldhúsi	337	15%
Matreiðslufólk, þjónar, barþjónar, fólk í sal.	37	2%
Fólk við afgreiðslustörf og störf á lager.	70	3%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkafólk í byggingariðnaði.	241	10%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkafólk í málmíðnaði og rafeindavirkjun.	58	2%
Véla- og verkafólk í öðrum iðnaði, verksmiðjum og matvælaframleiðslu	295	13%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkafólk í kjötiðnaði og slátrun	88	4%
Landbúnaðarverkafólk	68	3%
Fiskvinnslufólk.	540	23%
Sjómenn.	19	1%
Íþróttamenn og þjálfarar	92	4%
Dansarar	176	8%
Óflokkað eða vantar upplýsingar	47	2%
Samtals	2323	100%

bandi Íslands og dómsmálaráðuneyti. Nefndin skilaði á vormánuðum 2001 af sér frumvarpi að lögum um atvinnuréttindi útlendinga, sem felur í sér heildarendurskoðun á eldri lögum. Páll Pétursson félagsmálaráðherra mælti í vor fyrir lögunum á Alþingi, en frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu. Það verður lagt fyrir að nýju eftir þinghlé og væntanlega afgreitt á haustdögum.

Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt

útlendinga hér á landi til atvinnu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og því er einnig ætlað að auka á réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni. Fjölmörg nýmæli er að finna frá eldri lögum. Má þar nefna að atvinnurekandi skal sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn þar til hann nýtur verndar samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga og sérstakt ákvæði er um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu svo eitthvað sé nefnt.

Alþjóðlegt samstarf

Norrænt samstarf

Norræna vinnumálasamstarfið vann samkvæmt skipulagi sem tók gildi 1. janúar 1997 og gildi 1997-2000. Um er að ræða embættismannanefnd (EK-A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, en hlutverk hennar er að vera stefnumarkandi í vinnumálum. Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, var fulltrúi Íslands í nefndinni. Undir embættismannanefndina heyra nokkrar fastanefndir, verkefnahópar og samskiptahópar. Íslendingar fóru með formennsku í

Ráðstefna um jafnrétti og vinnumarkaðs- stefnu var haldin í París haustið 2000, en markmiðið er að auka samræmi á Norðurlöndum og OECD-löndunum í þessum efn- um.

Nefnd um atvinnulíf og vinnuréttarmál er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjón- armiða í málefnum á sviði atvinnulífs og vinnuréttar bæði innan og utan Norðurlanda. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gunnar E. Sigurðsson heitinn á Vinnu- málastofnun. Vinnuréttarnefndin hefur lagt megináherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evrópusam- bandinu og framkvæmd annarra tillagna sem þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað er að ná til Evrópska efnahagssvæðisins. Þá hefur verið lögð rík áhersla á samstarf við aðila vinnu- markaðarins ekki síst um vinnuréttartil- skipanir Evrópusambandsins.

Aðrar fastanefndir eru *nefnd um vinnu- verndarmál* (með þátttöku Vinnueftirlits rík- isins), *nefnd um vinnuverndarrannsóknir* (með þátttöku Vinnueftirlits ríkisins) og *nefnd um innflytjendur*.

Þeir **verkefna- og samskiptahópar** sem tengjast vinnumálasamstarfinu eru þessir:

Samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu annast samstarf um vinnumiðlun, at- vinnuleysistryggingar og starfsmenntun í atvinnulífinu. Frank Friðrik Friðriksson hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi Íslands í þess- um samstarfshópi og gegndi þar for- mennsku árin 1999 og 2000. Samstarfs- hópurinn hefur einkum verið með til skoð- unar þjónustu vinnumiðlunar á Norðurlöndum við innflytjendur, símaþjónustu- kerfi í norrænum vinnumiðlunum, nor- ræna heimasíðu á sviði atvinnuráðgjafar og vinnumiðlunar og gæðastjórnunarkerfi í norrænum vinnumiðlunum, samstarf ein- stakra vinnumiðlana á ákveðnum svæðum í ákveðnum atvinnugreinum. Auk þess var ákveðið að ráðast í könnun á aðlögun vinnumarkaðsstefnu á jaðarsvæðum Norð- urlanda þar sem atvinnulíf er einhæft.

Starfandi eru tveir samstarfshópar um afmörkuð verkefni á sviði atvinnuleysis-



Nefndarmenn í norrænum samskiptahópi um vinnumarkaðs- þjónustu á fundi í Illulissat í ágúst 2000

nokkrum þessara nefnda á árinu 2000.

Þær **fastanefndir** sem heyra undir embættismannanefndina eru þessar:

Nefnd um atvinnu- og vinnumarkaðsmál er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrann- sóknir. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnu- málastofnunar er fulltrúi Íslands í nefnd- inni og gegndi þar formennsku árin 1999 og 2000. Meðal verkefna á árinu 2000 voru verkefni um atvinnuleysisdagpeningakerfin á Norðurlöndum og ráðstefna um úrvinnslu tölfræðilegra gagna á sviði vinnumála. Einnig var unnið að Vest-norrænu verkefni um faglega hæfni atvinnulausra með tilliti til kröfu atvinnulífsins um vinnuafli á Græn- landi, Íslandi og í Færeyjum. Út kom skýrsla starfshóps um vinnuframboð á Norðurlöndum og framtíðarhorfur. Skýrsla var gefin út um samstarf í norrænni vinnu- miðlun og milli ákveðinna svæða og at- vinnugreinar athugaðar í því sambandi.



trygginga. Um er að ræða *samstarfshóp vegna flutnings atvinnuleysisbóta milli Norðurlanda og nefnd vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar* sem haldnar eru á tveggja ára fresti. Jóngeir H. Hlinason er fulltrúi Íslands í þessum hópum.

Ennfremur eru starfandi starfshópar um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er *NI-AL* sem sér um fjölbreytta útgáfustarfsemi um vinnumál. Á vegum þess starfshóps eru tímaritin *ARBETSLIV I NORDEN* og *NORDIC LABOUR JOURNAL*. Þá undirbýr hópurinn þátttöku Norðurlanda í *Employment Week* í Brussel á hverju ári. Ólafur Finnbogason er fulltrúi Íslands í starfshópnum.

Loks má nefna að sérstök *samskiptanefnd* undirbýr fundi embættismannanefndarinnar í samráði við skrifstofu Norðurlandaráðs auk þess annast hún vinnumálasamskipti við grannsvæði Norðurlanda. Gunnar E. Sigurðsson heitinn hjá Vinnumálastofnun var fulltrúi Íslands í þessari nefnd.

Nokkur ungmennaskiptaverkefni eru á sviði embættismannanefndarinnar og er þeim stýrt af Norræna félaginu. *Nordjobb* byggir á ungmennaskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna. Á árinu 2000 héldu 156 íslensk ungmenni til starfa á Norðurlöndunum og 140 ungmenni komu til vinnu á Íslandi frá hinum Norðurlöndunum. *AUST-jobb* er verkefni, sem hófst 1998, þar sem íslenskum ungmennum er boðið upp á nokkurra vikna sumardvöl í Pétursborg í Rússlandi og í Eystrasaltslöndunum. Sumarið 2000 dvöldu 6 íslensk ungmenni 6 vikur í austurvegi. Verkefnið *Nordpraktik* hefur það markmið að byggja brú milli fyrirtækja og einstaklinga á Norðurlöndum og í NV-hérudum Rússlands og í Eystrasaltslöndunum. Árið 2000 sóttu 16 ungmenni frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen Ísland heim og lögðu stund á starfsþjálfun í fyrirtækjum og stofnunum hér á landi.



Siglt um Diskóflóa við Illulissat í ágúst 2000

Annað alþjóðlegt samstarf

Evrópusambandið stofnaði árið 1982 sameiginlegt upplýsingakerfi um vinnumálastefnu (Mutual Information System on Employment Policies – skammstafað MISEP) og eiga Íslendingar nú aðild að þessu neti. Gissur Pétursson er fulltrúi Íslands í þessu samstarfi. MISEP gefur út skýrslur um stöðu þessara mála í einstökum aðildarríkum Evrópusambandsins.

Forstjórar Norrænna vinnumiðlana hafa með sér samstarf um framkvæmd vinnumiðlunar á Norðurlöndunum og það sem efst er á baugi hjá norrænum vinnumiðlunum.

Íslendingar tóku þátt í starfi nefndar á vegum Evrópusambandsins, um greiningu, rannsóknir og samvinnu á sviði vinnnumarkaðs- og atvinnumála (Committee on Analysis, Researches and Cooperation in the Field of Employment and the Labour Market), en starfi nefndarinnar lauk í árslok 2000. Starf nefndarinnar fólst í að ákvarða rannsóknarverkefni á sviði vinnnumarkaðs- og atvinnumála, afla umsókna um framkvæmd þeirra og úthluta fé til verkefnanna. Nefndinni bar að fylgja eftir framkvæmd verkefna og sjá til þess að rannsóknarniðurstöður væri gefnar út.



Svæðisráð og úthlutunarnefndir

Svæðisráð

Vesturland

Dórir Ólafsson	frh.skólum
Gunnólfur Lárusson	sv.fél.
Gunnar Guðmundsson	sv.fél.
Guðmundur P. Jónsson	SA
Sigríður Finnsen	SA
Pétur Geirsson	SA
Einar Karlsson	ASÍ
Elín Hanna Kjartansdóttir	ASÍ
Anna Ólafsdóttir	BSRB

Vestfirðir

Guðný Halldórsdóttir	frh.skólum
Ingimar Halldórsson	sv.fél.
Friðgerður Baldvinsdóttir	sv.fél.
Áslaug Alfreðsdóttir	SA
Óðinn Gestsson	SA
Halldór Jónsson	SA
Gunnar Héðinsson	ASÍ
Helgi Ólafsson	ASÍ
Sverrir Hestnes	BSRB

Norðurland vestra

Ásbjörn Karlsson	frh.skólum
Snorri Björn Sigurðsson	sv.fél.
Gunnar Sveinsson	sv.fél.
Einar Einarsson	SA
Lárus Ægir Guðmundsson	SA
Ragnar Ingi Tómasson	SA
Jón Karlsson	ASÍ
Valdimar Guðmannsson	ASÍ
Ragna Jóhannsdóttir	BSRB

Norðurland eystra

Brynjar Ingi Skaptason	frh.skólum
Þorsteinn Arnórsson	sv.fél.
Kristján Ágústsson	sv.fél.
Ásgeir Magnússon	SA
Helgi Pálsson	SA
Björn Snæbjörnsson	ASÍ
Aðalsteinn Baldursson	ASÍ
Einar Emilsson	BSRB

Austurland

Helga Steinsson	frh.skólum
Þorvaldur Jóhannsson	sv.fél.
Ásbjörn Guðjónsson	sv.fél.
Adolf Guðmundsson	SA
Auður Ingólfsdóttir	SA
Sigurður Ragnarsson	SA
Jón I Kristjánsson	ASÍ
Þorkell Kolbeins	ASÍ
Már Sveinsson	BSRB

Suðurland

Eyvindur Bjarnason	frh.skólum
Kristján Einarsson	sv.fél.
Jóna Sigurbjartsdóttir	sv.fél.
Bjarni Stefánsson	SA
Örn Grétarsson	SA
Guðmundur Búason	SA
Eiríkur Runólfsson	ASÍ
Jón Kjartansson	ASÍ
Þorgerður Jóhannesdóttir	BSRB

Suðurnes

Ólafur Jón Arnbjörnsson	frh.skólum
Kristbjörn Albertsson	sv.fél.
Gunnar Olsen	SA
Sigurjón Jónsson	SA
Jón Bjarni Baldursson	SA
Gróa Hávarðardóttir	ASÍ
Kristján G. Gunnarsson	ASÍ
Hólmar Magnússon	BSRB

Höfuðborgarsvæðið

Sölvi Sveinsson	frh.skólum
Guðrún Erla Geirsdóttir	sv.fél.
Sigurrós Þorgrímsdóttir	sv.fél.
Rebekka Ingvarsdóttir	SA
Hannes G. Sigurðsson	SA
Bjarki Júlíusson	SA
Sigurður Bessason	ASÍ
Sigurður T. Sigurðsson	ASÍ
Sigríður Kristinsdóttir	BSRB

Úthlutunarnefndir

Vesturland

Bára K. Guðmundsdóttir, form.	Atv.l.tr.sj.
Sigríður H. Skúladóttir	ASÍ
Hörður Jóhannesson	BSRB
Bergþór Guðmundsson	SA
Ólafur J. Þórðarson	SA

Vestfirðir

Karvel Pálmason, form.	Atv.l.tr.sj.
Pétur Sigurðsson	ASÍ
Friðgerður Þorsteinsdóttir	BSRB
Björn Jóhannesson	SA
Eggert Jónsson	SA

Norðurland vestra

Valdimar Guðmannsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Ásdís Guðmundsdóttir	ASÍ
Ólína Rögnvaldsdóttir	BSRB
Kári Snorrason	SA
Gísli Garðarsson	SA

Norðurland eystra

Konráð Alfreðsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Guðm. Ómar Guðmundsson	ASÍ
Ágúst Óskarsson	BSRB
Ásgeir Magnússon	SA
Sigurður Jóhannesson	SA

Austurland

Hrafnkell A. Jónsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Jón Ingi Kristjánsson	ASÍ
Jóhann Sveinbjörnsson	BSRB
Adolf Guðmundsson	SA
Sigurður Ragnarsson	SA

Suðurland

Jóna Sigríður Gestsdóttir, form.	Atv.l.tr.sj.
Ragna Gissurardóttir	ASÍ
Stefanía Geirsdóttir	BSRB
Örn Grétarsson	SA
Gunnar Kristmundsson	SA

Suðurnes

Bjarni Andrésson, form.	Atv.l.tr.sj.
Ingibjörg Magnúsdóttir	ASÍ
Óskar Guðjónsson	BSRB
Eyþór Jónsson	SA
Jón Bjarni Baldursson	SA

Höfuðborgarsvæðið

Úthlutunarnefnd 1

Guðm. Gylfi Guðmundsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Garðar Vilhjálmsson	ASÍ
Þuríður Einarsdóttir	BSRB
Ragnar Árnason	SA

Úthlutunarnefnd 2

Árillía Eydís Guðmundsd., form.	Atv.l.tr.sj.
Árni Leósson	ASÍ
Einar Andrésson	BSRB
Kristín Jónsdóttir	SA
Jakobína Jónsdóttir	SA



Vinnumálastofnun

Ársreikningur 2000

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 tóku gildi 1. júlí 1997 og samkvæmt þeim hefur Vinnumálastofnun yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Vinnumálastofnun annast fjárvörslu, umsýslu og afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Ábyrgðasjóð launa og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga á sameiginlegri skrifstofu vinnumála. Sérstök stjórn er yfir Vinnumálastofnun svo og hinum einstöku sjóðum.

Á árinu 2000 varð tekjuafgangur kr. 3.841 þús. króna í samanburði við halla kr. 9.384 þús. á árinu 1999. Tekjur námu kr. 198.723 þús. en voru kr. 194.628 þús. á árinu 1999. Framlag ríkissjóðs var kr. 137.900 þús. á móti kr. 134.200 þús. króna árið 1999. Stjórnin staðfestir hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. júní 2001

Í stjórn

Hrólfur Ólvisson
Hrólfur Ólvisson

Þorgerður Gunnarsdóttir
Þorgerður Gunnarsdóttir

Jón H. Magnússon
Jón H. Magnússon

Hervar Gunnarsson
Hervar Gunnarsson

Sjöfn Ingólfssdóttir
Sjöfn Ingólfssdóttir

Þórður Ólafsson
Þórður Ólafsson

Ellert Eiríksson
Ellert Eiríksson

Jón Rúnar Pálsson
Jón Rúnar Pálsson

Forstjóri

Gissur Pétursson
Gissur Pétursson

Áritun Endurskoðenda


Til stjórnar Vinnuáættastofnunar


Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnuáættastofnunar fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vinnuáættastofnunar á árinu 2000, efnahag 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 18. júní 2001


Sigurður Þórðarsson,
ríkisendurskoðandi


Reynir Kristjánsson,
endurskoðandi



Rekstrarreikningur árið 2000

Tekjur	Skýr.	2000	1999
Þjónustutekjur	1	192.200.000	185.600.000
Framlög frá ýmsum aðilum		6.522.528	9.028.048
Tekjur alls		<u>198.722.528</u>	<u>194.628.048</u>
Gjöld			
Rekstur aðalskrifstofu	2	115.337.604	123.924.343
Svæðisvinnumiðlanir	3	178.619.150	90.198.683
Atvinnuleysisráning, þjónustusamningar	4	25.206.823	112.895.635
Starfsleit ungs fólks, framlög		2.375.000	300.000
. Rekstrargjöld samtals		<u>321.538.577</u>	<u>327.318.661</u>
Eignakaup		11.242.748	10.893.816
. Gjöld alls		<u>332.781.325</u>	<u>338.212.477</u>
Tekjuafgangur (halli) í reglulegum rekstri		(134.058.797)	(143.584.429)
Framlag úr ríkissjóði		137.900.000	134.200.000
Tekjuafgangur (halli)		<u>3.841.203</u>	<u>(9.384.429)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2000

Eignir	Skýr.	2000	1999
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		4.608.188	5.675.154
Ábyrgðasjóður launa		0	5.807.975
Sjóður og bankainnstæður		85.011.079	77.082.482
Veltufjármunir samtals		<u>89.619.267</u>	<u>88.565.611</u>
Ríkissjóður		96.566.668	44.315.367
Eignir alls		<u>186.185.935</u>	<u>132.880.978</u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Staða í ársbyrjun		28.308.259	3.213.836
Leiðrétt upphafsstaða		0	34.478.852
Tekjuafgangur (halli)		3.841.203	(9.384.429)
Eigið fé samtals		<u>32.149.462</u>	<u>28.308.259</u>
Skammtímaskuldir			
Atvinnuleysistryggingasjóður		74.632.486	4.750.766
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstakl.		71.722.386	69.712.038
Ábyrgðarsjóður launa		1.229.394	0
Lánadrottinnar aðrir		6.452.207	30.109.915
Skammtímaskuldir samtals		<u>154.036.473</u>	<u>104.572.719</u>
Skuldir samtals		<u>154.036.473</u>	<u>104.572.719</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>186.185.935</u>	<u>132.880.978</u>

Sjóðstreymi árið 2000

	<i>Skýr.</i>	2000	1999
Handbært fé frá rekstri			
Veltufé frá rekstri			
Tekjuafgangur		3.841.203	(9.384.429)
Veltufé frá rekstri samtals		<u>3.841.203</u>	<u>(9.384.429)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur		6.874.941	(6.082.863)
Skammtímaskuldir		49.463.754	(147.901.199)
Breytingar samtals		<u>56.338.695</u>	<u>(153.984.062)</u>
Handbært fé frá rekstri samtals		<u>60.179.898</u>	<u>(163.368.491)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Framlag ríkissjóðs		(137.900.000)	(134.200.000)
Greitt úr ríkissjóði		85.648.699	124.363.485
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(52.251.301)</u>	<u>(9.836.515)</u>
Hækkun á handbæru fé		7.928.597	(173.205.006)
Handbært fé í ársbyrjun		77.082.482	250.287.488
Handbært fé í árslok		<u>85.011.079</u>	<u>77.082.482</u>

Skýringar með ársreikningi

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er með sama hætti og almennt tíðkast hjá A-hlutastofnunum ríkissjóðs. Þannig eru áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur ekki færð í ársreikninginn. Eignir eru gjaldfærðar þegar þær eru keyptar og því ekki færðar upp í efnahagsreikningi.

Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er framsetning ársreikningsins í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994 og reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996. Eftirlaunaskuldbinding núverandi og fyrrverandi starfsmanna er ekki færð í ársreikninginn, heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði. Þetta er í samræmi við reikningsskilareglur fyrir A-hluta stofnanir ríkissjóðs.

Samanburður við fjárheimildir, þús. króna

	<i>Rekstur</i>	<i>Fjárheimildir</i>
Framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum	137.900	127.600
Tekjur af þjónustu og önnur framlög	198.723	174.800
Almennur rekstrarkostnaður	(321.539)	(301.400)
Stofnkostnaður	(11.243)	(1.000)
Niðurstaða rekstrar, færast til næsta árs	<u>3.841</u>	<u>0</u>

Niðurstaða rekstrar eru tekjur umfram gjöld kr. 3.841 þúsund eins og fram kemur hér að ofan. Stofnunin á vannýttar fjárheimildir frá fyrra ári kr. 28.308 þúsund. Til næsta árs flytjast því kr. 32.149. Vinnuáættastofnun á inni ógreitt af framlagi ársins kr. 96.567 þúsund krónur. Sú fjárhæð stendur á viðskiptareikningi ríkissjóðs.



1. Þjónustutekjur

Vinnumálastofnun annast þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og Ábyrgðasjóð launa, auk Starfsmenntunarsjóðs og úthlutunarnefnda. Með breyttu fyrirkomulagi á vinnumiðlun og greiðslu atvinnuleysisbóta hafa verkefni færst frá sveitarfélögum og sýslumönnum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Umsvif hafa því aukist og stofnaðar hafa verið svæðis-skrifstofur víða um land sem annast verkefni. Tekjur frá sjóðunum greinast með þessum hætti á árinu:

Atvinnuleysistryggingasjóður	159.000.000
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einst.	1.600.000
Starfsmenntunarsjóður	3.000.000
Úthlutunarnefndir	14.000.000
Ábyrgðasjóður launa	14.600.000
	<u>192.200.000</u>

2. Rekstur aðalskrifstofu

	2000	1999
Laun	62.654.408	58.949.684
Launatengd gjöld	<u>11.243.997</u>	<u>10.674.274</u>
Laun samtals	73.898.405	69.623.958
Almennur rekstrarkostnaður	<u>41.439.199</u>	<u>54.300.385</u>
Rekstur aðalskrifstofu samtals	<u>115.337.604</u>	<u>123.924.343</u>

3. Svæðisvinnumiðlanir

	2000	1999
Laun	110.026.461	50.459.604
Launatengd gjöld	<u>20.187.543</u>	<u>9.434.776</u>
Laun samtals	130.214.004	59.894.380
Almennur rekstrarkostnaður	<u>48.405.146</u>	<u>30.304.303</u>
Svæðisvinnumiðlanir	<u>178.619.150</u>	<u>90.198.683</u>

4. Atvinnuleysisskráning, þjónustusamningar

Vinnumálastofnun hefur gert samninga við sveitarfélög og verkalýðsfélög um skráningu á atvinnulausu fólki í atvinnuleit. Greiðslufyrirkomulag er með þeim hætti að föst greiðsla er 10 krónur á hvern íbúa á mánuði, en að auki 70 krónur fyrir hvern heilan atvinnuleysisdag. Séu íbúar skráningarsvæðis færri en 500 er fasta greiðslan 20 krónur í stað 10.

Vinnumálastofnun gerði þjónustusamning við Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Suðurnesja um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun á suðurnesjum og rann sá samningur út 31. desember 2000

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs

Rekstrarreikningur árið 2000

Tekjur

	2000	1999
Tryggingagjald atvinnurekenda	3.440.171.774	3.818.315.667
Húsaleigutekjur	3.141.163	2.733.460
Aðrar tekjur	5.132.471	4.637.328
Tekjur samtals	3.448.445.408	3.825.686.455

Gjöld

Atvinnuleysisbætur	1.303.661.068	1.705.966.673
Kjararannsóknarnefnd	21.815.965	24.661.899
Úrræði fyrir atvinnuleitendur	40.802.797	33.060.864
Starfsmenntasjóður	60.092.681	58.521.691
Framlög til sveitarfélaga, átaksverkefni	21.343.818	30.730.695
Framlög og styrkir	18.597.136	18.105.232
	1.466.313.465	1.871.047.054
Annar kostnaður	216.174.252	205.396.897
Sérstök afskrift tryggingargjalds	36.751.121	16.240.572
Gjöld samtals	1.719.238.838	2.092.684.523

Tekjuafgangur án fjármagnsliða

1.729.206.570 1.733.001.932

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur

390.789.555 138.803.124

Tekjuafgangur

2.119.996.125 1.871.805.056



Efnahagsreikningur 31. desember 2000

Eignir

Fastafjármunir

	2000	1999
Áhættufjármunir og langtímakröfur		
Verðbréf	310.500.239	443.391.492
Langtímakröfur samtals	<u>310.500.239</u>	<u>443.391.492</u>
Fastafjármunir samtals	<u>310.500.239</u>	<u>443.391.492</u>

Veltufjármunir

Kjararannsóknarnefnd	3.789.036	5.001
Aðrir viðskiptamenn	639.799	1.444.083
Ógreiddir vextir	3.691.886	5.504.944
Álagt óinnheimt tryggingargjald	464.648.337	515.269.175
Ríkissjóður	5.462.704.817	3.205.880.958
Sjóður og banki	74.632.486	4.750.766
Veltufjármunir samtals	<u>6.010.106.361</u>	<u>3.732.854.927</u>

Eignir alls

Utan efnahags:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	<u>6.320.606.600</u>	<u>4.176.246.419</u>

Skuldir og eigið fé

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé 1/1	4.113.440.006	2.222.226.668
Verðbætur á skuldabréfaeign	12.617.273	19.408.282
Tekjuafgangur	2.119.996.125	1.871.805.056
Eigið fé samtals	<u>6.246.053.404</u>	<u>4.113.440.006</u>

Skammtímaskuldir

Innheimtumenn	62.383	62.383
Viðskiptamenn, erlendir	44.225.550	40.678.634
Viðskiptamenn, aðrir	12.658.616	21.010.668
Starfsmenntasjóður o.fl.	17.606.647	1.054.728
Skammtímaskuldir samtals	<u>74.553.196</u>	<u>62.806.413</u>

Skuldir og eigið fé alls

	<u>6.320.606.600</u>	<u>4.176.246.419</u>
--	----------------------	----------------------



Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga

Rekstrarreikningur árið 2000

Rekstrartekjur

Hlutdeild í atvinnutryggingagjaldi	33.129.618	18.202.288
Rekstrartekjur samtals	33.129.618	18.202.288

Rekstrargjöld

Atvinnuleysisbætur	9.189.060	12.728.906
Iðgjöld til lífeyrissjóða	463.975	734.233
Nefndarlaun og akstur	1.015.522	1.700.629
Þátttaka í sameiginlegum kostnaði	1.600.000	1.400.000
Rekstrargjöld samtals	12.268.557	16.563.768
Afskrifað atvinnutryggingagjald	0	8.414
	12.268.557	16.572.182

Hagnaður án fjármagnshreyfinga

20.861.061	1.630.106
------------	-----------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur	8.533.279	14.296.181
Fjármagnsliðir samtals	8.533.279	14.296.181

Tekjuafgangur

29.394.340	15.926.287
------------	------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2000

Eignir

Veltufjármunir

Álagt óinnheimt atvinnutryggingagjald	5.418.066	727.105
Ríkissjóður	49.812.134	27.406.745
Aðrir viðskiptareikningar	37.981	0
Viðskiptareikningur hjá Vinnuálastofnun	71.722.386	69.712.038
Veltufjármunir samtals	126.990.567	97.845.888

Eignir alls

126.990.567	97.845.888
-------------	------------

Skuldir og eigið fé

Eigið fé

Höfuðstóll 1. janúar	84.856.835	80.894.719
Tekjuafgangur ársins	29.394.340	15.926.287
Lagt í varasjóð á árinu	(2.544.332)	(11.964.171)
	111.706.843	84.856.835
Varasjóður	14.508.503	11.964.171
Eigið fé samtals	126.215.346	96.821.006

Skammtímaskuldir

Ógreidd staðgreiðsla skatta	206.917	104.349
Ógreidd iðgjöld lífeyrissjóða	238.644	335.640
Annað ógreitt	85.174	85.174
Ógreiddar bætur	244.486	499.719
Skammtímaskuldir samtals	775.221	1.024.882

Skuldir og eigið fé alls

126.990.567	97.845.888
-------------	------------



Nokkrar lykiltölur úr Ábyrgðasjóðs launa

Rekstrarreikningur árið 2000

Rekstrartekjur

	2000	1999
Ábyrgðagjald skv. lögum 53/1993	146.583.516	133.206.182
Úthlutað úr þrotabúum	43.582.119	40.595.640
Rekstrartekjur samtals	<u>190.165.635</u>	<u>173.801.822</u>

Rekstrargjöld

Laun í gjaldþroti	99.636.132	133.961.178
Orlofslaun	4.085.982	3.882.890
Iðgjöld til lífeyrissjóða	38.063.244	49.666.687
Lögfræði- og innheimtukostnaður	11.656.295	9.844.883
Vaxtaálag á laun og bætur	17.857.029	17.206.365
Stjórnarlaun	1.284.127	0
Skrifstofukostnaður	14.600.000	15.200.000
Rekstrargjöld samtals	<u>187.182.809</u>	<u>229.762.003</u>

Afskrifað ábyrgðargjald	2.532.988	1.196.880
	<u>189.715.797</u>	<u>230.958.883</u>

Tekjuafgangur (halli) án fjármagnshreyfinga	449.838	(57.157.061)
--	---------	--------------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur	83.048.109	63.531.160
----------------------	------------	------------

Tekjuafgangur

	<u>83.497.947</u>	<u>6.374.099</u>
--	-------------------	------------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2000

Eignir

Veltufjármunir

	2000	1999
Ríkissjóður viðskiptareikningur	952.524.898	878.029.465
Óinnheimt ábyrgðagjald	20.700.056	20.658.396
Aðrar kröfur	2.834.994	759.854
Sjóður	1.229.394	0
Veltufjármunir samtals	<u>977.289.342</u>	<u>899.447.715</u>

Eignir alls

	<u>977.289.342</u>	<u>899.447.715</u>
--	--------------------	--------------------

Skuldir og eigið fé

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé 1. janúar	882.085.712	875.711.613
Tekjuafgangur	83.497.947	6.374.099
Eigið fé samtals	<u>965.583.659</u>	<u>882.085.712</u>

Skammtímaskuldir

Staðgreiðsla skatta	4.330.805	6.214.239
Iðgjöld lífeyrissjóða	7.374.878	5.339.790
Skuld við vörsluaðila	0	5.807.974
Skammtímaskuldir samtals	<u>11.705.683</u>	<u>17.362.003</u>

Skuldir og eigið fé alls

	<u>977.289.342</u>	<u>899.447.715</u>
--	--------------------	--------------------